

**“Ég held að þetta hafi alltaf  
byrjað sem leið til sparnaðar**

**..... og svo fegrað með  
hvað er best fyrir börnin”**

Viðhorf foreldra til Kópavogsmóðelsins

**Viðtalsrannsókn við foreldra 2-5  
ára barna í leikskólum í Kópavogi  
um áhrif breytinga á starfsemi  
leikskólanna á foreldra**

Október 2025



“Ég held að þetta hafi alltaf byrjað sem leið til sparnaðar og svo fegrað með hvað er best fyrir börnin”. Viðtalsrannsókn við foreldra 2-5 ára barna í leikskólum í Kópavogi um áhrif breytinga á starfsemi leikskólanna á foreldra

Útgefandi: Varða - Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins  
Höfundur: Sunna Símonardóttir

Guðrúnartún 1 105 Reykjavík  
Sími: 535 5629  
Netfang: [rannvinn@rannvinn.is](mailto:rannvinn@rannvinn.is)  
Vefsíða Vörðu: [rannvinn.is](http://rannvinn.is)  
ISBN númer: 978-9935-532-57-2

©Varða - Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins, 2025

## Efnisyfirlit

|                                                              |    |
|--------------------------------------------------------------|----|
| Helstu niðurstöður .....                                     | 1  |
| 1 Inngangur.....                                             | 2  |
| 1.1 Fjölskyldustefna og dagvistun á Íslandi .....            | 4  |
| 1.1.1 Fjölskyldustefna á Íslandi .....                       | 4  |
| 1.1.2 Leikskóli og önnur dagvistun.....                      | 6  |
| 2 Aðferð .....                                               | 10 |
| 2.1 Rannsóknarsnið .....                                     | 10 |
| 2.2 Viðmælendur .....                                        | 10 |
| 2.3 Framkvæmd.....                                           | 11 |
| 2.4 Úrvinnsla.....                                           | 12 |
| 2.5 Siðferðileg álitamál og helstu takmarkanir .....         | 13 |
| 3 Niðurstöður .....                                          | 15 |
| 3.1 Gagnrýni á Kópavogsmódelið .....                         | 16 |
| 3.1.1 Byrjað á vitlausum enda .....                          | 16 |
| 3.1.2 Samráðsleysi .....                                     | 17 |
| 3.1.3 Sparnaður Kópavogsbæjar .....                          | 18 |
| 3.2 Togstreita atvinnu og umönnunar .....                    | 20 |
| 3.2.1 Alltaf á klukkunni.....                                | 20 |
| 3.2.2 Sveigjanleg vinna forsenda þess að allt gangi upp..... | 22 |
| 3.2.3 Viðhorf til skráningardaga.....                        | 23 |
| 3.3 Kynjuð og stéttbundin áhrif.....                         | 25 |
| 3.3.1 Pressa á að skerða vistunartíma .....                  | 25 |
| 3.3.2 Mæður og ömmur dekkja skemmri vistun.....              | 27 |
| 3.3.3 Óréttlæti kerfisins.....                               | 28 |
| 4 Umræða.....                                                | 31 |
| Heimildarskrá .....                                          | 34 |

# Helstu niðurstöður

## Gagnrýni á Kópavogsmódelið:

- Viðmælendur upplifa margir að kerfisbreytingar á starfsemi leikskólanna hafi fyrst og fremst verið út frá fjárhagslegum hvötum sveitarfélagsins fremur en velferðar barna, starfsfólks og foreldra
- Margir foreldrar telja að breytingarnar passi ekki við eðli vinnumarkaðarins
- Skortur á kynningu og samráði er gagnrýnt
- Viðmælendur gagnrýna þá kostnaðaraukningu sem felst í Kópavogsmódelinu fyrir flesta foreldra

## Gagnrýni á skráningadaga og safnskóla

- Mikil óánægja er meðal foreldra vegna skráningadaga og safnskóla. Á skráningardögum, þurfa foreldrar sérstaklega að skrá börnin sín og er börnum frá mismunandi leikskólum safnað saman í einu húsnæði. Á þessum dögum eru börnin því í óþekktu umhverfi, með nýrri samsetningu af börnum og starfsfólki.
- Margir foreldrar upplifa fyrirkomulagið á starfsemi leikskóla á skráningardögum með þeim hætti að þeir senda ekki börnin sín í leikskóla á þeim dögum nema í neyð
- Foreldrar lýsa því að mörg börn upplifi streitu og óöryggi við að fara í ókunnugt umhverfi
- Sumir foreldrar upplifa óbeinan þrýsting um að koma ekki með börn í leikskóla á þessum dögum

## Óréttlæti kerfisins

- Foreldrar gagnrýna að kerfisbreytingarnar ýti undir félagslega mismunun og auki álag, sér í lagi á ákveðna hóp
- Kerfið hentar sérstaklega illa foreldrum í verri félagslegri- og efnahagslegri stöðu og eykur enn frekar bæði almennt álag og fjárhagslegt álag á þá hóp
- Kerfið byggir á því að fólk hafi gott félagslegt bakland, sveigjanlega vinnu eða sé í hlutastörfum en það er ekki raunveruleiki allra foreldra
- Margir viðmælendur töluðu um að breytingarnar hefðu mun meiri áhrif á mæður en feður þar sem þær bæru í meira mæli ábyrgð á því að breðast við styttri vistunartíma
- Foreldrar lýstu togstreitu vegna álags á ömmur sem hlaupa undir bagga með fjölskyldum vegna skemmri vistunartíma

## Aukin togstreita í daglegu lífi

- Margir foreldra lýsa mikilli tímapressu og streitu við að samræma vinnu og fjölskyldulíf og að breytingarnar sem hafa verið innleiddar í leikskólum Kópavogs hafi aukið álagið
- Sveigjanleiki í vinnu er lykilforsenda þess að kerfið gangi upp fyrir foreldra. Foreldrar sem búa við slíkan sveigjanleika upplifa engu að síður aukið álag, því þeir þurfa að vinna upp tímann á kvöldin og/eða um helgar. Mörkin milli vinnu og einkalífs verða því óskýrari.

# 1 Inngangur

Leikskólakerfið á Íslandi hefur undanfarin ár verið undir miklu álagi, einkum vegna skorts á dagvistunarúrræðum fyrir börn á aldrinum 12–24 mánaða. Tímabundin fjölgun fæðinga í kjölfar COVID-faraldursins jók álagið enn frekar og loforð um leikskólapláss fyrir öll börn að loknu fæðingarorlofi hafa ekki gengið eftir. Mönnunarvandi í leikskólakerfinu er viðvarandi áskorun og einnig hefur viðhald bygginga vegna myglu víða sett starfseminni skorður. Í skýrslu BSRB frá 2022 kemur fram að einungis um 7% barna komast í leikskóla að loknu fæðingarorlofi eða fyrr, 27% komast inn á bilinu 12,5 til 18 mánaða og 66% á bilinu 18,5 til 24 mánaða (BSRB, 2022).

Á undanförnum árum hafa grundvallar breytingar á leikskólakerfinu verið innleiddar af nokkrum sveitarfélögum á Íslandi, breytingar sem kenndar eru við Kópavogsmódelið. Kópavogsbær rekur nítján leikskóla og auk þess er einn þjónusturekinn og tveir einkareknir leikskólar í bæjarfélaginu. Það sem einkennir Kópavogsmódelið er að sex tíma vistun í leikskóla á dag er gjaldfrjáls og foreldrar sem geta nýtt sér það greiða því aðeins fæðisgjald, sem er samkvæmt gjaldskrá 11.617 kr. Gjaldið hækkar svo nokkuð mikið fyrir hvern hálf tíma umfram sex klukkustundir og því greiða foreldrar sem þurfa 6,5 tíma vistun 38.671 kr. á mánuði en foreldrar sem þurfa að nýta 8,5 klukkustunda vistun greiða 65.403 kr. Hámarksdvalartími er 9 klukkustundir og fyrir það greiða foreldrar 86.688 kr. á mánuði. Fyrir marga foreldra hefur því innleiðing Kópavogsmóðelsins leitt til umtalsverðrar hækkunar á leikskólagjöldum, en í samræmi við samþykkt bæjarráðs 6. júlí 2023 tekur gjaldskráin breytingum fjórum sinnum á ári. Foreldrar geta sótt um tekjutengdan afslátt á leikskólagjöldum ef þeir eru með meðaltekjur fyrir skatta innan tekjuviðmiða sem birt eru í gjaldskrá. Systkinaafsláttur fer eftir fjölda yngri systkina og er 30% af dvalargjaldi ef barn á eitt yngra systkini, en 100% af dvalargjaldi ef barn á tvö yngri systkini eða fleiri í leikskóla eða í dvöl hjá dagforeldri (Kópavogsbær, e.d.).

Leikskólar eru lokaðir í fjórar vikur yfir sumartímann en kerfisbreytingin fól einnig í sér aukinn fjölda skráningardaga þar sem foreldrar skrá börnin í mætingu á

dögum í kringum sumarleyfi, í dymbilviku eða milli jóla og nýárs. Að skipulagsdögum meðtöldum eru þetta því um 15 dagar á ári, auk sumarleyfa, eða allt að 35 dagar á ári (Kópavogsbær, e.d.).

Önnur sveitarfélög hafa síðan tekið upp svipað eða sambærilegt kerfi og mikil umræða hefur skapast í fjölmiðlum um það hvort Kópavogsmódelið sé jákvætt skref til þess að mæta þörfum barna, kennara og foreldra eða ógn við jafnrétti í samfélaginu (Dagný Aradóttir Pind, 2024). Rannsókn frá 2025 þar sem tekin voru rýnihópaviðtöl við skólastjórnendur og spurningakannanir sendar á skólastjórnendur í Kópavogi og Akureyri benda til þess að í þeim skólum þar sem skólatímum fækkaði, bæði utan gjaldfrjálsu tímana og á skráningardögum, gangi betur að mæta vinnutímastyttingu starfsfólks sem upplifir minna álag (Anna Elísa Hreiðarsdóttir og Svava Björg Mörk, 2025). Bæjarstjóri Kópavogs hefur sjálfur fullyrt að „styttri dvalartími [hafi] dregið úr áreiti og álagi á bæði börn og starfsfólk“ og „að börnunum líði betur í breyttu umhverfi“ (Ásdís Kristjánsdóttir, 2024).

Minni áhersla hefur verið lögð á að skoða hvernig foreldrar leikskólabarna upplifa þessar breytingar, en *Samleik - samtök foreldra leikskólabarna í Kópavogi* hafa verið gagnrýnin á gjaldskrárhækkanir og forgangsroðun stjórnvalda í Kópavogi (Örn Arnarson, 2025). Rannsóknir sýna að mæður eru mun líklegri en feður til að vera í hlutastarfi til að auðvelda samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs og sömuleiðis líklegri til nota orlofsdaga, taka launalaust leyfi, taka barn með í vinnu og vinna heima og sinna barni samhliða launaðri vinnu (Kristín Heba Gísladóttir o.fl., 2023). Í ljósi þessa er mikilvægt að greina áhrif breytinganna á tækifæri foreldra til að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf og ekki síst kynjuð áhrif kerfisbreytinganna. Sýnt hefur verið fram á hvernig umönnun barna skilgreinir svigrúm mæðra til atvinnuþátttöku en ekki feðra (Ásdís Arnalds o.fl., 2021). Mikilvægt er því að auka skilning okkar á hvernig kyn, stéttarstaða og félagslegur bakgrunnur hefur áhrif á reynslu og möguleika foreldra. Bent hefur verið á að rannsóknir á foreldrahlutverkinu taki oftár en ekki mið af einsleitum hópi foreldra en hugi ekki nægilega vel að ólíkri félagslegri og efnahagslegri stöðu (Símonardóttir o.fl., 2021). Mikil áhersla var því lögð á þessa þætti í rannsókninni og samverkandi áhrif

þeirra á jafnrétti í viðum skilningi. Skortur er á íslenskum rannsóknum sem greina samspil kyns og stéttarstöðu þegar kemur að möguleikum foreldra til að sameina vinnu og umönnun. Mikilvægt er að varpa ljósi á hvernig ákvarðanir um umönnun og atvinnuþáttöku eru teknar og hvernig kynjaðar hugmyndir um ólík hlutverk feðra og mæðra hafa áhrif. Rannsóknin mun því skapa mikilvæga þekkingu þar sem nýtt verða eigindleg viðtalsgögn við 20 foreldra leikskólabarna í Kópavogi með það að markmiði svara eftirfarandi rannsóknarspurningum:

1. Hver er upplifun foreldra leikskólabarna af Kópavogsmódelinu?
2. Hafa kerfisbreytingarnar haft áhrif á möguleika foreldra til að samræma vinnu og fjölskyldulíf?

## 1.1 Fjölskyldustefna og dagvistun á Íslandi

Á síðustu áratugum hefur Ísland stigið markviss skref til þess að innleiða framsækna fjölskyldustefnu sem hluta af viðtækari viðleitni til að efla jafnrétti kynjanna, með sérstakri áherslu á fæðingarorlof og aðgengi að dagvistun. Þessi fræðilega samantekt dregur saman helstu niðurstöður þessarar stefnumótunar, þróun hennar, áhrif á fjölskyldugerð og tengsl við þátttöku á vinnumarkaði.

### 1.1.1 Fjölskyldustefna á Íslandi

Á Íslandi, líkt og á hinum Norðurlöndunum, hefur verið lögð markviss áhersla á að jafna hlut karla og kvenna á vinnumarkaði sem og í fjölskyldulífi með stefnu stjórnvalda. Með innleiðingu níu mánaða launaðs fæðingarorlofs árið 2000, þar sem þrír mánuðir voru óframseljanlegir fyrir hvert foreldri, tók Ísland róttækt skref í að veita feðrum tækifæri til að annast ung börn sín. Eftir að lögin voru sett jókst þátttaka feðra í umönnun barna jafnt og þétt, og flestir foreldrar sögðust deila umönnun fyrsta barnsins jafnt á öðru og þriðja ári þess (Ásdís A. Arnalds, 2020). Haustið 2020 var síðan ný fæðingarorlofslöggjöf samþykkt sem veitir foreldrum 12 mánaða launað fæðingarorlof, þar sem 6 mánuðir eru ætlaðir hvoru foreldri sem getur framselt að hámarki 6 vikur til hins foreldrisins. Þetta er framsækin löggjöf, þar sem hún felur í sér lengri feðrakvóta en gengur og gerist í

öðrum löndum og fjárhagslegur stuðningur er hár miðað við alþjóðleg viðmið (Koslowski o.fl., 2020).

Rannsóknir undirstrika mikilvægi sameiginlegrar foreldrabátttöku og benda til jákvæðra breytinga þegar kemur að viðhorfum samfélagsins til þátttöku feðra, breytingar sem hafa þróast samhliða nýrri stefnumótun (Huerta o.fl., 2013). Íslenska fæðingarorlofskerfið fellur vel að hinu norræna tvítekjumódeli fjölskyldna þar sem báðir foreldrar eru virkir þátttakendur, bæði á vinnumarkaði og þegar kemur að umönnun (Arnalds og Duvander, 2023). Á Íslandi ríkir þó enn umönnunarbíl (e. care gap) á milli fæðingarorlofs og þar til barn fær vistun í leikskóla eða hjá dagforeldri. Þetta umönnunarbíl er yfirleitt brúað af mæðrum, sem annaðhvort lengja fæðingarorlof sitt, með tilheyrandi skerðingu á tekjum, draga úr vinnu eða hverfa jafnvel tímabundið af vinnumarkaði (Ásdís Arnalds o.fl., 2021). Ástæður þess að mæður eru líklegri til að brúa þetta bil eru bæði efnahagslegar og menningarlegar. Konur eru líklegri til að vera á lægri launum en karlar og því er það oft hagkvæmara fyrir heimilisbókhalðið að þær dragi úr vinnu eða lengi fæðingarorlof sitt. Menningarlegar ástæður lúta að viðvarandi hugmyndafræði um móðurhlutverkið sem umönnunarlutverk og þá ríkjandi hugmynd að „góðar“ mæður setji þarfir barna sinna frammar öllu öðru, á meðan enn eimir eftir af hugmyndum um feður sem fyrirvinnur (Rúdólfsdóttir og Auðardóttir, 2024; Símonardóttir, 2016; Gíslason og Símonardóttir, 2018). Umönnunarbilið er ekki jafn áberandi í öðrum Norðurlöndum, þar sem börn eiga lögbundinn rétt á dagvistun strax að loknu fæðingarorlofi.

Mikilvægt er einnig að greina tengsl fjölskyldustefnu við efnahagsástand hverju sinni. Í kjölfar fjármálakreppunnar 2008 varð vart við breytingar á aðgengi að dagvistun og fæðingarorlofsgreiðslur voru skertar, sem hafði áhrif á barneignamynstur (Jónsson, 2018). Þrátt fyrir aukið aðgengi að dagvistun hefur álag á fjölskyldur, sérstaklega þær sem eiga fötluð börn, viðhaldist og kallað hefur verið eftir samþættari þjónustu sem mætir þörfum fjölbreyttra fjölskyldna (Ingólfssdóttir, 2024). Mismunur milli markmiða stefnu og reynslu notenda undirstrikar áframhaldandi þörf fyrir hagsmunagæslu og miðlun sjónarmiða notenda í þróun þjónustunnar. Rannsóknir sýna að opinber

dagvistunarkerfi eru lykilþáttur í að gera konum kleift að vera áfram virkar á vinnumarkaði, og þátttaka kvenna á vinnumarkaði á Íslandi er með þeirri hæstu á Norðurlöndum (Arnalds og Duvander, 2023). Hins vegar gerir skortur á fullu og öruggu dagvistunarúrræði þessa mynd flóknari; þrátt fyrir að stefnan miði að jafnræði og stuðningi reynist framkvæmdin oft ekki standa undir væntingum (Yerkes og Javornik, 2019).

### 1.1.2 Leikskóli og önnur dagvistun

Ísland er meðal tíu efstu OECD-ríkjanna þegar kemur að þátttöku þriggja til fimm ára barna á leikskóla og í dagvistun (Arnalds og Duvander, 2023). Sveitarfélög bera ábyrgð á rekstri opinberra og einkarekinna leikskóla í sínum umdæmum, en Mennta- og barnamálaráðuneytið fer með eftirlitshlutverk. Áður en börn hefja leikskólagöngu geta fjölskyldur nýtt sér daggæslu í heimahúsum sem rekin er af sjálfstætt starfandi dagforeldrum. Þessi þjónusta er undir eftirliti og niðurgreidd af sveitarfélögum, en foreldrar greiða hærri gjöld fyrir daggæslu en fyrir leikskóla. Einnig er eftirspurn eftir daggæslu mjög víða meiri en framboðið. Ólíkt hinum Norðurlöndunum eru sjálfstætt starfandi dagforeldrar algengur valkostur á Íslandi (Arnalds og Duvander, 2023).

Í desember 2023 sóttu tæplega 20.000 börn leikskóla á Íslandi, og hafði fækkað um 145 börn frá árinu áður (-0,7%). Hlutfall 1–5 ára barna á leikskólum á landsvísu lækkaði um tvö prósentustig á milli áranna 2022 og 2023 eða úr 88% í 86%. Íslenskir leikskólar eru einnig að aðlagast sífellt fjölmennningarlegra samfélagi. Í því samhengi hefur verið bent á að fjölgun barna af innflytjendabakgrunni hafi flækt starf leikskóla og kalli á ígrunduð viðbrögð kennara til að skapa umhverfi sem stuðlar að inngildingu og styrki sjálfræði allra barna, óháð bakgrunni þeirra (Karlsdóttir og Einarsdóttir, 2020). Árið 2022 var fjórða hvert leikskólabarn með erlendan bakgrunn og börn með erlent móðurmál 16,8% allra leikskólabarna. Þetta er hæsta hlutfall sem mælst hefur í íslenskum leikskólum. Mikill munur er á hlutfalli eins árs barna í leikskólum eftir landsvæðum. Í Reykjavík var hlutfallið 40% árið 2023, en 37% á höfuðborgarsvæði utan Reykjavíkur (Hagstofa Íslands, 2024).

Íslensk börn dvelja að jafnaði lengi í leikskóla á dag. Í febrúar 2021 var meðaltal keyptrra leikskólatíma í Reykjavík tæplega 8,2 klukkustundir á dag (Reykjavíkurborg, Skóla- og frístundasvið, 2021). Þetta endurspeglar háa atvinnuþátttöku kvenna og lágt atvinnuleysi á Íslandi, en þessi mikla atvinnuþátttaka kvenna hefur verið talin meðal ástæðna fyrir því að kynjabil hér á landi hefur verið minnst meðal þjóða heims í yfir áratug (World Economic Forum, 2023). Í skýrslu stjórnvalda, Styrking leikskólastigsins (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2021), er fjallað um að minnka þurfi álag á deildum með fækkun þeirra fjölda barna sem áætlaður er á hvern starfsmann og viðmið um fjölda fermetra á hvert barn verði rýmkuð. Enn fremur eru samræmd vinnubrögð, verklagsreglur og faglegra skólastarf þættir sem nefndir eru að þurfi að bæta og styrkja þurfi þekkingu starfsmanna á börnum með sérþarfir. Loks er bent á mikilvægi þess að jafna starfsaðstæður í leik- og grunnskólum með t.d. vetrarfríum og minni kennsluskyldu. Í kjölfar breytinga á gjaldskrá leikskóla í Kópavogi hafa orðið breytingar á dvalartíma barna á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur frá árinu áður. Þannig fjölgaði börnum í sex tíma vistun úr 94 í 492 og í sjö tíma vistun úr 385 í 620. Á móti kemur að börnum í átta og níu tíma vistun fækkaði á milli ára (Hagstofa Íslands, 2024).

Í ljósi þessa kemur ekki á óvart að nýlegar rannsóknir sýni að íslenskir foreldrar, sérstaklega mæður upplifi mikið álag þegar kemur að því að samræma vinnu og fjölskyldulíf (Andrea Hjálmsdóttir og Marta Einarsdóttir, 2019; Júlíusdóttir o.fl., 2018). Íslenskar konur eru líklegri til að vinna hlutastarf (Hagstofa Íslands, 2023), sem leiðir til lægri launa og ójafnra lífeyrisréttinda milli kynja. Endurteknar kannanir meðal foreldra á Íslandi hafa sýnt að á síðustu 20 árum hefur hægt og rólega dregið úr hlutfalli mæðra sem telja auðvelt að samræma vinnu og fjölskyldulíf (Arnalds, 2020), og að ungar íslenskar konur líti á móðurhlutverkið sem streituvaldandi og líklegt til að hafa neikvæð áhrif á félagslega stöðu þeirra (Sunna Símonardóttir og Hlédís Guðmundsdóttir, 2022).

Undanfarin ár hefur leikskólakerfið á Íslandi verið undir verulegu álagi. Skortur er á dagvistunarúrræðum fyrir börn á aldrinum 12 mánaða til 2 ára, bæði hjá dagforeldrum og þegar kemur að leikskólaplássum. Tímabundin aukning fæðinga á Íslandi, sem tengist COVID-faraldrinum (Símonardóttir og Arnalds, 2024), jók álagið

sem fyrir var á kerfinu og loforð um að tryggja öllum börnum leikskólapláss eftir fæðingarorlof voru ekki uppfyllt. Viðvarandi áskorun kerfisins felst í mönnun, þar sem skortur er á menntuðum leikskólakennurum og lág laun kennara og starfsfólks stuðla að mikilli starfsmannaveltu í leikskólum. Vinnuaðstæður í mörgum íslenskum leikskólum hafa verið taldar óhagstæðar. Þær einkennast af starfsmannaveltu og ófullnægjandi húsnæði, sérstaklega í eldri byggingum sem þarfnast viðgerða (Dýrfjörð o.fl., 2024). Því er ljóst að það er mikið álag á leikskólakerfinu á Íslandi og átök um hvert það skuli stefna, hver tilgangur þess er og hver markmið þess eigi að vera (Jóhannesson og Símonardóttir, 2023). Þessar áskoranir hafa skapað jarðveg þar sem leitað er annarra lausna til að bregðast við vanda leikskólastigsins og er Kópavogsmódelið í leikskólamálum skýrasta dæmið um það. Yfirlýst markmið breytinganna var að bregðast við viðvarandi mönnunarvanda, draga úr álagi á börn og starfsfólk, og bæta gæði leikskólaþjónustu (Kópavogsbær, 2024). Einnig hefur innleiðing svokallaðra heimgreiðslna verið nefnd sem viðbragð við skorti á dagvistunarplássum, en heimgreiðslur fela yfirleitt í sér lágar, mánaðarlegar greiðslur til foreldra að loknu fæðingarorlofi (Eydal og Rostgaard 2018). Innleiðing heimgreiðslna til foreldra barna sem hafa ekki hlotið dagvistun hefur opnað á aukna samfélagslega umræðu um hlutverk foreldra. Greining fjölmiðlaumfjöllunar á heimgreiðslum hefur sýnt fram á hvernig togstreita er sköpuð milli svonefndra „hagsmuna barnsins“ og jafnréttissjónarmiða (Símonardóttir og Jóhannesson, 2025).

Samspil stéttarstöðu, fjölskyldulífs, kynhlutverka og dagvistunarstefnu flækir einnig myndina. Þannig hafa foreldrar í efri stéttum yfirleitt meiri sveigjanleika í vinnu og betri aðgang að úrræðum, sem gerir þeim kleift að sinna foreldrahlutverkinu á annan hátt en foreldrar sem búa við meiri streitu, fjárhagsáhyggjur eða ótrygg vinnuskilyrði (Ragnarsdóttir o.fl., 2025). Rannsóknir sýna að innflytjendakonur á Íslandi eru síður líklegar en innflytjendakarlar til að fá störf sem samsvara menntun þeirra og starfsreynslu (Arnardóttir og Haraldsson, 2014; Christiansen og Kristjánsdóttir, 2016). Þær eru einnig líklegri til að vinna lágláunastörf sem njóta lítillar virðingar og bjóða upp á takmarkaða möguleika til framgangs (Krisín Loftsdóttir og Guðbjört Guðjónsdóttir

2009; Júlíusdóttir og Skaptadóttir, 2013; Napierala og Wojtyńska, 2017). Innflytjendur á Íslandi eru einnig líklegri til að búa við þröngbýli, vera leigjendur á húsnæðismarkaði og búa við að hluta til verri fjárhagsstöðu en innfæddir (Hagstofa Íslands, 2019). Færa má rök fyrir því að reynsluheimur láglaunakvenna og kvenna með innflytjendabakgrunn sé um margt ólíkur kvenna af millistétt en rannsóknir hafa sýnt fram á auknar byrðar kvenna með lág laun þegar kemur að truflunum í vinnu vegna áhyggna af skuldbindingum tengdum heimili og fjölskyldu (Berglind Hólm Ragnarsdóttir o.fl., 2024). Undirstrikar þetta mikilvægi þess að þörfum fjölbreyttra hópa sé mætt þegar kemur að dagvistunarmálum, til að tryggja sem best jafnrétti og félagslega þátttöku ólíkra hópa samfélagsins.

## 2 Aðferð

### 2.1 Rannsóknarsnið

Í þessari rannsókn var eigindlegri rannsóknaraðferð beitt til að kanna reynslu og sýn þátttakenda í gegnum ítarleg viðtöl. Markmiðið var að safna ríkulegum og nákvæmum frásögnum sem gætu veitt dýpri innsýn í upplifun þátttakenda og þann félagslega og menningarlega reynsluheim sem þeir búa yfir. Slík nálgun gerir kleift að greina hvernig einstaklingar skynja og túlka aðstæður sínar og hvernig merking er mótuð í daglegu lífi þeirra. Eigindlegar rannsóknaraðferðir eru sérstaklega hentugar þegar reynt er að skilja flókin og margbrotin fyrirbæri sem eru háð samhengi, tilfinningum og félagslegum tengslum. Þær bjóða upp á sveigjanleika í gagnasöfnun og greiningu og gera rannsakendum kleift að bregðast við nýjum áherslum sem kunna að koma fram í viðtölum. Í þessari rannsókn var lögð áhersla á að skapa traust og opið samtal við þátttakendur, þar sem þeir gátu tjáð sig á eigin forsendum og lýst upplifun sinni með eigin orðum.

### 2.2 Viðmælendur

Úrtakið í rannsókninni samanstóð af tuttugu þátttakendum sem voru valdir með lagskiptu slembiúrtaki foreldra 2-5 ára barna sem voru búsett í Kópavogi úr Þjóðskrá. Af þessum tuttugu þátttakendum voru fimm feður og fimmtán mæður, sem endurspeglar kynjaskiptingu sem oft sést í rannsóknum á foreldrahlutverkum og uppeldi. Aldur þátttakenda var á bilinu 24 til 44 ára, með meðalaldur 36 ár. Fjöldi barna hjá þátttakendum var á bilinu eitt til þrjú, með meðaltali 1,75 börn. Þetta gefur vísbendingar um að þátttakendur hafi reynslu af uppeldi bæði ungbarna og eldri barna, sem getur haft áhrif á sýn þeirra á foreldrahlutverkið og dagvistunarúrræði. Að meðaltali voru börn þátttakenda 22 mánaða gömul þegar þau fengu úthlutað pláss í leikskóla. Af þátttakendum voru sautján í hjúskap eða sambúð, en þrír einhleypir, sem

gefur möguleika á að skoða mismunandi fjölskyldugerðir og hvernig þær tengjast uppeldisviðhorfum og daglegum áskorunum.

Þegar kemur að búsetu voru sautján þátttakendur í eigin húsnæði, en þrír á leigumarkaði. Þessi breytileiki í húsnæðisaðstæðum getur haft áhrif á félagslegt og efnahagslegt öryggi fjölskyldna og þar með á ákvarðanir tengdar dagvistun og foreldrahlutverki.

## 2.3 Framkvæmd

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands sá um úrtak og val þátttakenda í rannsókninni. Úrtakið samanstóð af foreldrum barna á aldrinum 2–5 ára sem voru búsett í Kópavogi. Leitast var við að tryggja að úrtakið endurspeglaði þýðið með tilliti til kyns, fjölskyldugerðar, uppruna og félagslegra aðstæðna. Í ljósi þess að erfitt getur reynst að tryggja þátttöku einstaklinga af erlendum uppruna og þeirra sem búa við lakari efnahagslegar aðstæður, var ákveðið að beita lagskiptu úrtaki. Það var gert eftir ríkisfangi foreldra og fjölskyldustöðu, þ.e. hvort foreldrar væru í hjúskap/sambúð eða einstæðir. Þessi nálgun var valin til að tryggja að nægilega margir þátttakendur kæmu úr hópi foreldra með erlent ríkisfang og hópi einstæðra foreldra, þar sem reynsla mismunandi hópa getur verið ólík og veita mikilvæga innsýn í fjölbreytileika foreldrahlutverksins og aðgengi að leikskólaþjónustu. Starfsmaður Félagsvísindastofnunar hafði samband við valda einstaklinga í gegnum síma, kynnti þeim markmið og tilgang rannsóknarinnar og bauð þeim að taka þátt. Þátttakendum var boðið 10.000 króna gjafabréf í Smáralind sem þakklætisvottur fyrir þátttöku.

Skýrsluhöfundur tók samtals tuttugu hálfstöðluð viðtöl við foreldra leikskólabarna í Kópavogi á tímabilinu mars til júní 2025. Viðtölin fóru fram á tímum og stöðum sem hentuðu þátttakendum, ýmist í heimahúsum, á vinnustað eða í húsnæði Félagsvísindastofnunar. Lengd viðtalanna var á bilinu 28–54 mínútur, með meðalviðtalslengd upp á 44 mínútur. Öll viðtölin voru hljóðrituð með upplýstu samþykki þátttakenda og síðar afrituð af starfsfólki Félagsvísindastofnunar.

Viðtalsrammi var notaður til að styðja við viðtölin, þar sem spurningar beindust að reynslu foreldra af leikskólanum, fyrirkomulagi fæðingarorlofs og dagvistunar, og sérstaklega reynslu af og viðhorf til Kópavogsmóðelsins. Einnig var spurt út í samræmingu vinnu og fjölskyldulífs, áhrif breytinga á vinnutíma og fjárhag fjölskyldunnar, auk viðhorfa þátttakenda til foreldrahlutverksins og væntinga samfélagsins. Þrátt fyrir að viðtalsrammi hafi verið notaður, var lögð áhersla á sveigjanleika í samtalinu og að þátttakendur gætu tjáð sig á eigin forsendum. Þessi nálgun stuðlaði að opnu samtali og hvatti þátttakendur til að deila hugsunum, tilfinningum og persónulegri reynslu á frjálsan hátt.

## 2.4 Úrvinnsla

Öll viðtölin voru afrituð orðrétt og greind með aðferðum þemagreiningar samkvæmt aðferð Braun og Clarke (2013), sem er ein algengasta greiningaraðferðin í eigindlegum rannsóknum. Þemagreining gerir rannsakanda kleift að greina mynstur og merkingarbær þemu í texta, sem endurspeglar hvernig þátttakendur skilja og túlka eigin reynslu. Greiningarferlið hófst á opinni kóðun (e. open coding), þar sem viðtölin voru lesin ítrekað og glósur teknar með það að markmiði að fanga endurtekin þrástef og hugmyndir sem komu fram í frásögnum þátttakenda. Í framhaldinu var farið í kerfisbundnari greiningu þar sem kóðar voru flokkaðir og tengdir saman í yfirgripsmeiri þemu sem lýstu sameiginlegri reynslu og viðhorfum þátttakenda. Öll viðtölin voru lesin vandlega yfir og greiningarvinnan studd með glósum og athugasemdum sem hjálpuðu til við að móta fyrstu mynstur.

Eftir ítarlega kynningu á gagnasafninu var eigindlega gagnagreiningarforritið ATLAS.ti nýtt til að skipuleggja, merkja og vinna með gögnin á kerfisbundinn hátt. Forritið gerði kleift að tengja saman kóða, greina tengsl milli þema og halda utan um umfangsmikið gagnasafn á skipulagðan hátt. Við greininguna var lögð sérstök áhersla á að skilja hvernig foreldrar upplifa leikskólakerfið í tengslum við vinnu og umönnunarhlutverk sín, og hvernig þessi upplifun endurspeglar víðari félagsleg og menningarleg samhengi. Þessi nálgun byggir á félagslegri hugsmiðahyggju (e. social

constructivism), þar sem litið er á merkingu sem afurð félagslegra samskipta og menningarlegs samhengis. Greiningin var ígrunduð og gagnrýnin, þar sem rannsakandi leitaðist við að vera meðvitaður um eigin forsendur og túlkun, og tryggja að rödd þátttakenda kæmi skýrt fram. Þannig var leitast við að skapa dýpri skilning á reynslu foreldra og þeim flóknu þáttum sem móta daglegt líf þeirra og ákvarðanir í tengslum við umönnun og dagvistun.

## **2.5 Siðferðileg álitamál og helstu takmarkanir**

Í samræmi við siðareglur eigindlegra rannsókna var lögð rík áhersla á að tryggja siðferðilega ábyrgð í öllum þáttum rannsóknarinnar. Skriflegt, upplýst samþykki var fengið frá öllum þátttakendum áður en viðtöl fóru fram. Tilgangur og eðli rannsóknarinnar var skýrður ítarlega fyrir þátttakendum á öllum stigum ferlisins, í upphaflegu símtali, í tölvupósti og í eigin persónu þegar viðtalið fór fram. Þátttakendur voru upplýstir um að þátttaka væri algjörlega frjáls og að þeir gætu dregið sig út úr rannsókninni hvenær sem er, án þess að gefa upp ástæðu. Þátttakendur fengu einnig greinargóða kynningu á mögulegum ávinningi og áhættu sem gæti fylgt þátttöku í rannsókninni. Sérstök áhersla var lögð á að tryggja trúnað og nafnleynd þátttakenda í gegnum allt rannsóknarferlið. Öll viðtöl voru hljóðrituð með upplýstu samþykki og gögnin geymd á öruggan hátt í samræmi við persónuverndarlög og verklagsreglur Háskóla Íslands. Í niðurstöðukafla skýrslunnar var nafnleynd þátttakenda tryggð með því að veita öllum viðmælendum dulnefni og breyta eða sleppa persónugreinanlegum upplýsingum, svo sem aldri barna, starfsheiti eða nákvæmum búsetustað, ef þær gátu leitt til auðkenningar. Þessi nálgun stuðlaði að verndun einkalífs þátttakenda og tryggði að gögnin væru ekki rekjanleg til einstaklinga. Siðferðileg ábyrgð rannsakanda fólst einnig í því að vera meðvitaður um eigin stöðu og áhrif í rannsóknarferlinu, og að nálgast viðmælendur af virðingu og næmni. Með því að fylgja siðferðilegum viðmiðum og faglegum stöðlum var leitast við að tryggja að rannsóknin væri framkvæmd á ábyrgan og réttmætan hátt, þar sem velferð þátttakenda var í forgrunni (Creswell, 2007).

Helstu takmarkanir rannsóknarinnar má greina út frá nokkrum þáttum sem snúa að úrtaki og túlkun og eins og með aðrar eigindlegar rannsóknir þá er alhæfingargildi takmarkað. Þótt leitast hafi verið við að tryggja fjölbreytileika í úrtakinu með lagskiptingu eftir uppruna og fjölskyldugerð, voru þátttakendur sjálfbóðaliðar, sem getur leitt til skekkju þar sem þeir sem samþykkja þátttöku kunna að hafa sterkari skoðanir (jákvæðar jafnt sem neikvæðar) eða meiri áhuga á viðfangsefninu en aðrir.

### 3 Niðurstöður

Viðtöl við foreldra barna í leikskólum Kópavogs sýna fjölbreytta reynslu og ólíkar skoðanir á fyrirkomulagi leikskólastarfsins, áhrifum nýja móðelsins og daglegum áskorunum tengdum samspili fjölskyldu- og atvinnulífs. Sex viðmælenda nýttu sér sex tíma gjaldfrjálsan leikskóla, en ein móðir að auki hafði í hyggju að stytta vistunartíma í sex klukkustundir. 14 viðmælenda nýttu meira en 6 tíma, en flestir höfðu skert vistunartímann frá því sem var eftir innleiðingu nýja kerfisins. Þrátt fyrir að gjaldfrjálss sex tíma leikskóladvöl sé í boði fyrir öll leikskólabörn í Kópavogi, sýna frásagnir viðmælenda að margir foreldrar nýta sér hana ekki. Ástæður þessa eru margvíslegar en snúa þó oft að vinnumarkaðsstöðu, efnahagslegu svigrúmi og aðgengi að stuðningi. Margir viðmælendur lýsa því hvernig þau velja meðvitað að greiða meira fyrir lengri vistun til þess að hafa aukið svigrúm sem þau þurfa stundum að nýta til að geta alltaf sótt börnin sín á réttum tíma. Viðmælendur taka þó iðulega fram að þau sæki þó oft börnin sín snemma þegar þau geta, en svigrúmið sem auka hálf tími eða klukkutími veitir er þeim mikilvægur.

Þemagreining viðtala sýnir fram á þrjú meginþemu sem lýsa viðhorfi viðmælenda til leikskólakerfisins í Kópavogi. Fyrsta þemað *Gagnrýni á Kópavogsmódelið* felur í sér þá sýn margra viðmælenda að byrjað hafi verið á vitlausum enda, þar sem leikskólakerfinu var breytt en vinnufyrirkomulag foreldra er óbreytt. Einnig felur þetta þema í sér gagnrýni á hvernig staðið var að kynningu á kerfisbreytingunni og því samráðsleysi sem margir foreldrar upplifðu. Annað þemað *Togstreita atvinnu og umönnunar* felur í sér frásagnir foreldra sem litast að því að vera alltaf í kapphlaupi við tímann og hvernig sveigjanleiki í vinnu er skilgreindur sem algjör frumforsenda þess að fjölskylduábyrgð og umönnun ungra barna gangi upp. Undir þetta þema fellur einnig viðhorf viðmælenda til aukins fjölda skráningardaga, sem er mjög gagnrýnið. Þriðja og síðasta þemað er nefnt *Kynjuð og stéttbundin áhrif*. Það vísar til þess hvernig nýtt fyrirkomulag hefur meiri áhrif á mæður en feður, þar sem mæður eru líklegri til að bregðast við skemmri vistunartíma með því að aðlaga vinnumarkaðspátttöku sína.

Kynjuð áhrif birtast einnig í því hve algengt það er að ömmur, frekar en afar, hjálpi til við að dekka skemmri vistun, með því að sækja barnið einhverja daga í viku eða dekka skráningardaga, starfsdaga og veikindi. Í heild sýna frásagnirnar að gjaldfrjáls sex tíma vistun er ekki raunhæfur kostur fyrir marga. Þeir sem nýta hana eiga það sameiginlegt að hafa sveigjanlegar vinnuaðstæður, traust stuðningsnet og börn sem sætta sig við styttri dvöl. Sumir viðmælenda uppfylla vissulega öll þessi skilyrði, en taka þó fram í viðtölunum að staðan sé sannarlega ekki þannig hjá öllum foreldrum. Viðmælendur árétta því að kerfið sé ekki með öllu réttlátt, því það komi illa við foreldra sem eru í verri félagslegri og efnahagslegri stöðu og/eða skorti bakland og stuðning.

### 3.1 Gagnrýni á Kópavogsmódelið

Margir viðmælendur lýsa yfir óánægju með innleiðingu Kópavogsmóðelsins og benda á að breytingarnar hafi verið illa samhæfðar við raunveruleika vinnandi fólks. Undirþemað *Byrjað á vitlausum enda* endurspeglar upplifun af því að kerfisbreytingar hafi verið framkvæmdar án þess að grunnforsendur, eins og skipulag vinnudagsins, hafi verið teknar með í reikninginn. Undirþemað *Samráðsleysi* vísar til þess hvernig kynning á breytingunum var almennt talin ófullnægjandi og einhliða, þar sem skortur á samráði og meint villandi framsetning skapaði vantraust meðal foreldra. Þriðja undirþemað ber heitið *Sparnaður Kópavogsbæjar* en í því kemur fram sú algenga skoðun að breytingarnar hafi fyrst og fremst verið drifnar áfram af fjárhagslegum hvötum.

#### 3.1.1 Byrjað á vitlausum enda

Viðmælendur lýsa yfir almennri óánægju með hvernig breytingar á vistunartíma barna hafa verið innleiddar án þess að taka tillit til vinnumarkaðarins. Undirþemað *Byrjað á vitlausum enda* endurspeglar upplifun fólks af því að kerfisbreytingar hafi verið gerðar í röngum áföngum, þar sem grunnforsendur samfélagsins, eins og lengd vinnudagsins eru ekki teknar með í reikninginn. Gerður bendir á að breytingarnar hafi skapað árekstra: „Ég held það hefði þurft að byrja á þessu hinu megin frá. Byrja á vinnumarkaðnum og koma með hitt í kjölfarið“ (Gerður). Sigríður spyr sig hvort

Kópavogsbær sé að breyta atvinnulífinu innan bæjarins samhliða breytingum á leikskólamálum: „Þarf ekki atvinnulífið að breytast ef við ætlum að breyta vistun barnanna?“ (Sigríður). Andri lýsir því hvernig stytting vinnuvikunnar hafi ekki skilað raunverulegum breytingum: „Ég er með styttingu vinnuvikunnar en ég finn ekkert fyrir því að ég sé með það“ (Andri). Nanna dregur fram mikilvægi þess að breytingar séu gerðar í samstarfi við vinnustaði og stéttarfélög: „Þetta á ekki bara að koma frá bænum og leikskólanum [...] þetta þarf að vera í stærra samhengi“ (Nanna). Þessar tilvitnanir sýna að viðmælendur upplifðu kerfisbreytingar sem illa samhæfðar og að þær hafi verið innleiddar án nægilegs undirbúnings eða samráðs við vinnumarkaðinn. Þeir kalla eftir heildstæðari nálgun þar sem breytingar á leikskólamálum og fjölskyldulífi eru samræmdar við raunveruleika vinnandi fólks.

### 3.1.2 Samráðsleysi

Margir viðmælendur lýstu kynningu Kópavogsbæjar á kerfisbreytingum í leikskólamálum sem ófullnægjandi, einhliða og í sumum tilfellum villandi. Þeir upplifðu skort á samráði, takmarkaða upplýsingagjöf og að kynningin hafi verið sett fram á þann hátt að hún styddi fyrirfram ákveðna stefnu bæjarins. Fjöldi viðmælenda lýsti því að kynningin hafi ekki falið í sér raunverulegt samráð. Lovísa sagði: „Ég upplifði þetta ekki sem ferli [...] þetta var bara svona svolítið slengt á okkur“ og bætti við að „ekki mikið samráð“ hafi átt sér stað (Lovísa). Aðalsteinn lýsti kynningunni með eftirfarandi hætti: „Við vorum ekki kölluð á neinn fund eða neitt þannig, þetta var svolítið bara lestur“ (Aðalsteinn). Tinna sagði að hún hefði „bara séð þetta í fréttum“ og upplifði „ekki neitt samráð“ (Tinna), og Gerður lýsti fundum með foreldrum þar sem fram kom „mikil óánægja“ en án raunverulegs samtals (Gerður). Kynningin var ítrekað sögð byggja á villandi forsendum og foreldrar af erlendum uppruna upplifðu að þeir fengju ekki nægar upplýsingar. Agata sagði: „I had no idea that there was a changes [...] I'm not speaking the language“ (Agata), og Zofía lýsti því að hún hefði aðeins fengið tölvupóst og ekki haft tök á að taka þátt í fundum þar sem þeir voru haldnir á vinnutíma: „I just remember it was just by email [...] I didn't take a part in this“ (Zofía) Frásagnir viðmælenda sem tala

ekki íslensku benda til þess að ekki hafi verið hugað sérstaklega að upplýsingagjöf til þeirra eða aðstæðna þeirra á vinnumarkaði.

Umræða hefur einnig skapast um kerfið nú þegar nokkuð er liðið frá innleiðingu þess. Kópavogsbær hefur þannig lýst góðri reynslu af nýja módelinu og vísar þá iðulega í eigin skoðanakannanir þar sem ánægja foreldra var mæld. Þessi umfjöllun var einnig gagnrýnd og sérstaklega niðurstöður skoðanakannana þar sem „spurningarnar [...] hafa verið mjög leiðandi [...] þetta var svolítið bara sett upp til að fá jákvæðar niðurstöður“ (Eygló). Eygló lýsti einnig hvernig bæjarfélagið neitaði að breyta könnuninni þrátt fyrir gagnrýni: „Við þurfum að hafa nákvæmlega sömu könnun áfram [...] til að brjóta ekki niðurstöðurnar“ (Eygló), sem vísar til þess að ekki hafi verið vilji til þess að bregðast við ábendingum um aðferðafræðilega vankanta. Gissur hefur ekki mikla trú á aðferðafræðinni og segir: „Kópavogsbær gerir sjálfur könnun [...] og gefur takmarkaðar upplýsingar um hvernig staðið var að henni [...] þetta er algjört [hlær]“ (Gissur). Andri gagnrýndi hvernig bæjarstjórinn Ásdís Kristjánsdóttir lýsti breytingunum sem „rosalega successful“ innan mánaðar frá innleiðingu, og sagði: „Þú ert ekkert komin með neinar tölur eftir mánuð [...] þetta var rosalega mikið bara eitthvað fjölmiðla kjaftæði“ (Andri) sem lýsir ákveðnu vantrausti á áreiðanleika upplýsingagjafarinnar.

### 3.1.3 Sparnaður Kópavogsbæjar

Gagnrýni kom ítrekað fram á að breytingar í þjónustu Kópavogsbæjar, sérstaklega í tengslum við leikskólastarfsemi og styttingu vinnuvikunnar, væru fyrst og fremst drifnar áfram af fjárhagslegum hvötum fremur en velferð barna, foreldra eða starfsfólks. Þó að sumir viðmælendur taki undir jákvæð áhrif á börn og starfsfólk, er undirliggjandi vantraust á að tilgangur breytinganna sé í raun annað en hagræðing og sparnaður. Lovísa upplifir það þannig að breytingarnar hafi upphaflega verið kynntar sem sparnaðaraðgerð sem síðar var fegruð með rökum um velferð barna:

Ég held að þetta hafi alltaf byrjað sem leið til sparnaðar og svo fegrað með hvað er best fyrir börnin. Þannig eru bara bæjarfélögin rekin, það er svoliðis þú veist, auðvitað er þetta stór og eins og ég sagði hugrökk breyting að gera en ofboðslega [sem] þetta nauðbeygir þá sem að verst hafa það til þess að aðlagast og hérna þó að ég sjái það að börnin mín njóti góðs af að þá hefur þetta reynst mér afskaplega erfitt og bara gerir það að verkum að ég er að breyta öllu lífi mínu til þess að aðlagast

(Lovísa)

Andrea lýsir því að hún hafi upplifað breytingarnar sem tilraun til að bæta fjárhag bæjarins, frekar en þjónustu við íbúa: „þetta væri í rauninni bara fyrir Kópavogsbæ að reyna að ná meiri pening inn bara“ (Andrea), hún bætir við: „Þetta er ekkert annað en [...] yfirhýlming yfir að reyna að ná inn tekjum“ (Andrea). Margir viðmælendur minnst á nauðsyn þess að starfsfólk leikskóla bæjarins fái betur borgað og að laun þeirra verði hækkuð, það sé forsenda þess að halda í gott starfsfólk og veita góða þjónustu, enda eru flestir foreldrar afar ánægðir með starfsfólk leikskólanna. Eygló bendir á að starfsfólk leikskóla hafi ekki notið betri kjara þrátt fyrir breytingarnar, og að ný stefna um að forðast lokanir hafi leitt til þess að þegar mannekla er til staðar séu börnin jafnvel send út að leika frekar en að loka leikskólanum: „Þeir [starfsfólk leikskóla] fengu ekkert [...] nú má bara ekkert loka [...] þá eru bara frekar allir sendir út í rigningu“ (Eygló). Hugmyndir þess efnis að leikskólar Kópavogsbæjar séu í raun að forðast lokanir með öllum tiltækum ráðum til þess að fegra stöðuna komu fram í máli allnokkra viðmælenda, sem endurspeglar að einhverju leiti það vantraust sem sumir viðmælendur upplifa til bæjaryfirvalda.

## 3.2 Togstreita atvinnu og umönnunar

Frásagnirnar sýna að kerfið sem býður upp á gjaldfrjálsa sex tíma leikskóladvöl virkar ekki sem raunhæfur kostur fyrir alla og skapar oft togstreitu á milli atvinnu og umönnunar. Undirþemun *Alltaf á klukkunni*, *Sveigjanleg vinna forsenda þess að allt gangi upp* og *Viðhorf til skráningardaga* sýna hve togstreitan milli atvinnu og umönnunar er djúpstæð og þá upplifun margra að leikskólakerfið taki ekki nægilegt tillit til raunverulegra aðstæðna foreldra.

### 3.2.1 Alltaf á klukkunni

Viðmælendur lýsa margir daglegu lífi þar sem nauðsynlegt er að vera í stöðugu kapphlaupi við tímann og á þetta bæði við um foreldra sem nýta aðeins 6 tíma vistun og foreldra sem nýta lengri vistun. Skipulag dagsins snýst um að ná utan um að klára vinnu, skutla og sækja í leikskóla, skóla, íþróttir og tómstundir. Auk þess að klára önnur verkefni eins og búðarferðir, tilfallandi verkefni og almenna skipulagningu heimilislífsins. Hjá þeim sem nýta aðeins 6 tíma vistun getur reynst flókið að finna öllu stað innan sex tíma. Hjá foreldrum sem nýta lengri tíma þá hafa þau engu að síður ákveðið að skerða vistunartíma frá því sem áður var þar sem hver umfram tími er mjög kostnaðarsamur. Foreldrar leikskólabarna í Kópavogi upplifa því margir að þeir séu „alltaf á klukkunni“ – í stöðugri tímapressu og þúsluspili:

En maðurinn minn er í sömu vinnu og getur, eða hefur þennan samanburð. Honum er allavega að takast það. Eða þúst það er kannski af því að ég er til staðar að græja og gera. En sko þetta hefst, manni tekst þetta. En maður er náttlega bara búinn á því. Því maður er alltaf á klukkunni, skilurðu.

(Fjóla)

Andrea segir frá því hvernig hún reynir að sækja son sinn snemma svo hann sé ekki „barnið sem situr eftir einn á deildinni“ (Andrea), og Gerður lýsir samviskubiti yfir því að barnið hennar upplifi sig sem síðast sótt: „Af hverju sækirðu mig alltaf svona seint?“ (Gerður). Í þessu samhengi er þó mikilvægt að árétta að barnamiðuð rök koma einnig fram þar sem algengt er að viðmælendur geri grein fyrir því að börnin þeirra séu óánægð

með að vera sótt snemma því þeim finnist svo gaman í leikskólanum. Agata segir að dóttir hennar: „needs those kids more [...] the best time for them to play [...] is after three o'clock“ (Agata), og Andri bætir við: „krakkarnir vilja vera lengur“ (Andri). Þessi sjónarmið sýna að stytting vistunartíma er ekki alltaf í samræmi við félagslegar þarfir barna.

Eygló og Nanna ræða hvernig foreldrarnir skipta með sér verkum, en jafnvel með góðu skipulagi er dagurinn þéttur og krefjandi. Eygló segir: „þetta er heilmikið þúsl“ (Eygló) og Nanna lýsir því hvernig hún vaknar klukkan sex til að eiga smá tíma fyrir sig áður en dagurinn byrjar. Hún segir að fyrra skipulag, þegar hún sótti barnið í leikskólann hafi verið „of mikið stress fyrir mig að vera andlega þreytt að drífa mig í umferðina að sækja þá og koma svo heim“ (Nanna) og Fjóla bendir á að „það [þurfi] bara eitthvað lítið til að koma öllu úr jafnvægi þegar þú ert alltaf svona tigt“. Gissur hefur efasemdir um að stytting vinnuvikunnar virki þegar kemur að umönnunarstörfum: „þá ertu bara komin í sama vandamálið og allir eru í sama stressinu“ (Gissur). Hann segir einnig að „þú styttir ekkert umönnun“ og að kerfið hafi ekki náð að leysa vandann sem því var ætlað að takast á við. Viðmælendur lýsa einnig því hvernig skipulag leikskóla og skóla getur aukið á streitu. Eygló segir að „ef við komum eftir klukkan níu erum við skömmuð“ (Eygló), og Zofia bendir á að kerfið geri ráð fyrir sterku baklandi: „this system is built that you need to have your [support] around. You cannot base only on the school or only on the kindergarten“ (Zofia). Mariana hefur lent í því að tefjast í eigin starfi sem er umönnunarstarf og lýsir streitunni sem því fylgir:

One or two times I came late because of the traffic, was accidents, something... She's very sympathetic to me, just say to her, "it's three-thirty, I know, I'm sorry, but I just, traffic. She say, "oh no, problem, no worries," [...] But, before, they call me and say, "it's already time to come and pick up your kid." I say, "já, I'm sorry, I tried to call you but I'm just running also on the work." "Ok, but you need to come right now." "Ok, I'm coming."

(Mariana)

Í heild sýna frásagnirnar að „alltaf á klukkunni“ er ekki aðeins lýsing á daglegu skipulagi, heldur djúpstæð upplifun af stöðugri streitu, ábyrgð og þörfinni fyrir að finna jafnvægi milli vinnu og fjölskyldulífs. Þrátt fyrir að fólk reyni að aðlagast sig og finna lausnir, þá er kerfið oft of stíft og sveigjanleikinn takmarkaður. Samviskubít, þreyta og stöðug tímapressa eru algengir þættir í lífi foreldra sem reyna að halda öllum boltum á lofti.

### 3.2.2 Sveigjanleg vinna forsenda þess að allt gangi upp

Sveigjanleiki í vinnu kemur fram í viðtölunum sem lykilþáttur í því að samræma fjölskyldulíf og atvinnu. Viðmælendur lýsa því hvernig sveigjanlegur vinnutími, heimavinna og skilningur vinnustaða skapi rými fyrir foreldra til að bregðast við styttri dvalartíma og að sinna daglegum verkefnum. Viðmælendur lýsa því þó einnig hvernig þessi sveigjanleiki getur leitt til óljósra marka milli vinnu og einkalífs. Fjóla lýsir því hvernig sveigjanlegur vinnutími gerir henni og maka hennar kleift að vinna heima og aðlagast vinnuna að fjölskyldulífinu: „Við bæði [erum] bara í flex vinnu og getum unnið upp á kvöldin [...] þetta er bara allt í flexi“ (Fjóla). Gerður bendir á að sveigjanleikinn geti verið tvíeggjað sverð, hann gefur frelsi en krefst líka vinnu utan hefðbundins vinnutíma: „línan verður rosa blörruð [...] En á móti náttúrulega get ég farið í sund eða út að leika [...] Þá finnst mér ekkert ves að vinna kvöld á móti“ (Gerður). Gissur lýsir því hvernig hann og eiginkona hans sömdu um sveigjanleika sem skilyrði fyrir endurráðningu hjá fyrirtækinu þar sem þau starfa: „Ef þið viljið fá mig aftur þá verð ég að fá sveigjanleika og eiginlega konan mín líka“ (Gissur). Þó sveigjanleiki sé almennt talinn jákvæður, koma fram áhyggjur af því að mörkin milli vinnu og einkalífs verði óskýr og að álag færist yfir á kvöld og helgar. Aðalsteinn og Nanna nefna togstreitu og samviskubít sem fylgja sveigjanlegu vinnufyrirkomulagi: „Þegar vinnan er orðin full sveigjanleg, þá er það kannski frekar að toga“ (Aðalsteinn) og Nanna bendir á að „Það [sé] náttúrulega alveg frústrerandi að vera eitthvað [að vinna] á laugardagskvöldi þegar við erum loksins öll saman“ (Nanna).

Sveigjanleiki þeirra sem starfa við sérfræðistörf felst því í að þau geta lokið verkefnum þegar hentar og eru ekki með fasta vinnuskyldu á ákveðnum tíma dags eða stimpilklukku. Tvær mæður af erlendum uppruna sem rætt var við nefndu líka

sveigjanleika sem forsendu þess að fjölskyldulífið gangi upp, en hjá þeim felst sveigjanleikinn í því að þær geti bætt upp „tapaðar“ klukkustundir um helgar, eins og Zofia sem lýsir því hvernig sveigjanleiki og skilningur yfirmanns gerir henni kleift að skjótast úr vinnu eða hætta fyrr stöku sinnum: „She’s a little bit making me this favour [...] I need to go out. Then I need to come on Saturday for this two hours because I will lose them“ (Zofia). Sama gildir um Audru sem vinnur 6 tíma vinnudag á virkum dögum til þess að geta sótt dóttur sína í leikskólann en tekur svo vaktir aðra hverja helgi til að „hafa 160 tíma á mánuði“ (Audra). Sveigjanleiki þeirra er því skilyrtari en hjá mörgum viðmælenda því þær hafa ekki tök á því að taka vinnuna með heim, sem skapar aukið álag og fjarveru frá fjölskyldu á tímum þar sem flestir eru í fríi.

### 3.2.3 Viðhorf til skráningardaga

Mikil gagnrýni kemur fram í viðtölunum á fjölda skráningardaga í leikskólum Kópavogs sem bætast ofan á hefðbundna frídaga, skipulagsdaga þegar allir leikskólar eru lokaðir og sumarleyfi. Fyrirkomulag skráningardaga er með þeim hætti að foreldrar þurfa að skrá vistun fyrir börnin sín og er börnum frá mismunandi leikskólum safnað saman í einu húsnæði. Þó að skiptar skoðanir séu á gjaldfrjálsum 6 tímum eru flestir þátttakenda gagnrýnir og óánægðir með fjölda og fyrirkomulag skráningardaga, þar sem safnskóli tekur við skráðum börnum. Viðhorf foreldra til aukins fjölda skráningardaga mótast af aðstæðum þeirra, persónuleikapáttum barna þeirra, stuðningsneti og vinnufyrirkomulagi. Þó nokkrir viðmælendur lýstu skilningi á þörf starfsfólks fyrir frí, en margir upplifðu fyrirkomulagið sem óraunhæft, óþægilegt og í sumum tilfellum sem þvingandi. Algeng gagnrýni snerist að því að börn væru sett í ókunnugt umhverfi á skráningardögum. Andrea lýsir því sem „fáránleg[ri] hugmynd hjá bænum“ að bjóða börnum upp á vistun í öðrum leikskóla: „Mér finnst þetta út frá hagsmunum barna séð fáránleg hugmynd“ (Andrea). Lovísa tekur undir og segir: „Mér finnst það algjörlega fráleitt að ég viti ekki hvaða leikskóli það er fyrr en deginum áður [...] myndi aldrei nýta mér þetta“ (Lovísa). Dögg bendir á að slíkt fyrirkomulag geti „valdið kvíða hjá barninu“ (Dögg), og Gerður upplifir fyrirkomulagið sem falskt val:

Þannig að ég gæti sent barnið mitt á leikskóla í öðru hverfi sem ég myndi aldrei gera. Ég sagði það við kennarann hennar að ég myndi aldrei gera það og hún sagði: nei það gerir það enginn... Þannig mér finnst þetta þínu svona falskt. Við erum að bjóða þetta, en þú ert auðvitað ekki að fara að þiggja þetta þá ert þú náttlega ógeðslega vond. Þú setur barnið þitt ekki í eitthvað svona. Æ, þú veist, þetta er það sem ég sé svona þvingun í að þurfa að skrá.

(Gerður)

Margir foreldrar upplifðu að skráningardagar settu þá í erfiða stöðu. Tinna segir: „Vinnuvikan er ekki svona [...] hversu mikið samviskubit áttu þá að hafa ef þú þarft að skrá barnið þitt“ (Tinna). Andrea lýsir því sem „smá kúgun“ að þurfa að skrá barn í annan leikskóla vegna vinnu (Andrea). Foreldrar sem höfðu aðgang að ömmum, öfum eða sveigjanlegu vinnufyrirkomulagi gátu frekar leyst skráningardaga. Gissur lýsir því að fjölskyldan taki frí eða launalaust leyfi: „Við getum það, það eru ekkert allir sem geta það“ (Gissur). Agata er ein þeirra sem þarf að taka launalaust leyfi til þess að dekkja frídagana: „we are lucky enough to have employers who are giving us like unpaid days uhm but yeah it's a lot of days and every month there is one day extra“. Agata er meðvituð um möguleikann á að skrá barnið í vistun en velur að gera það ekki: „we know that we are choosing not to uhm it's because it's too stressful for the kids so we prefer to have more difficult for us then for her“ (Agata).

Þó nokkrir viðmælendur lýstu jákvæðri upplifun barna af því að fara í annan leikskóla. Andri segir: „strákarnir eru mjög spenntir yfir að fara í nýjan leikskóla [...] ótrúlega mikið pepp“ (Andri). Audra lýsir því að dóttur sín hafi verið að „njóta sín í botn“ og að hún hafi „prófað nokkra mismunandi leikskóla“ (Audra). Nanna bendir á að aðlögunarhæfni barna geti skipt sköpum: „við höfum bara náð að gera þá svolítið spennandi [...] en fyrir börn með sérþarfir getur þetta verið mjög krefjandi“ (Nanna). Sumir foreldrar upplifðu óbeinan þrýsting um að nýta ekki vistun á lokunardögum. Tinna segir: „Það kom póstur [...] ekkert barn er skráð yfir jólin [...] þannig allir geta fengið styttingu vinnuvikunnar“ (Tinna) sem Tinna upplifði sem pressu á foreldra að sjá

til þess að starfsfólkið geti allt fengið frí. Audra bendir á í þessu samhengi að „leikskóla starfsmenn eru svo þreyttir [...] en við þurfum líka að vinna“ (Audra), sem vísar til þess að hún hefur skilning á nauðsyn þess að starfsfólk fái hvíld en að það megi ekki bitna á foreldrum sem þurfa að vinna.

### 3.3 Kynjuð og stéttbundin áhrif

Þemað *Kynjuð og stéttbundin áhrif* vísar til þess hvernig félagslegar og efnahagslegar aðstæður, ásamt ójafnri umönnunarábyrgð, móta reynslu foreldra af Kópavogsmódelinu. Þemað dregur fram hvernig pressa á að skerða vistunartíma barna í leikskóla bitnar sérstaklega á mæðrum, sem oft bera meginábyrgð á samræmingu vinnu og fjölskyldulífs. Mæður upplifa því oft samviskubit, togstreitu og fjárhagslegt álag og þurfa gjarnan að minnka við sig vinnu eða treysta á baklandið sitt. Stuðningsnet, sem aðstoða foreldra við að bregðast við styttri vistunartíma fela oftar en ekki í sér aðkomu ömmu barnsins, sem bendir til þess að kynjuð umönnunarbyrði fylgi konum út æviskeiðið. Kerfið virðist henta þeim best sem búa við sveigjanleika og fjárhagslegt og persónulegt bakland, en ýtir undir ójöfnuð gagnvart einstæðum foreldrum, lágláunafólki, fólki af erlendum uppruna með lítið bakland og þeim sem vinna vaktavinnu.

#### 3.3.1 Pressa á að skerða vistunartíma

Viðtölin sýna að margir foreldrar, sérstaklega mæður, upplifa beina og óbeina pressu til að skrá börn sín í skemmri vistunartíma í leikskóla. Þessi pressa birtist í samskiptum við starfsfólk leikskóla en einnig í samfélagslegri umræðu sem getur skapað persónulega togstreitu milli foreldrahlutverks og atvinnuþátttöku. Lovísa lýsir því hvernig hún var „innt eftir svörum um af hverju ég væri með hana í átta tíma þegar ég [var í] fæðingarorlofi“ (Lovísa). Hún upplifði þetta sem beina pressu frá leikskólanum: „ég fór alveg undan pressu og minnkaði niður í sex tíma [...] mér fannst ég ekki geta afsakað það að ég væri með hana í átta tíma vistun, heima með annað nýfætt barn og í mastersnámi“ (Lovísa). Audra segir frá símtali frá leikskólastarfsmanni þegar dóttir

hennar var að byrja í leikskóla: „svo hafði [leikskólastarfsmaður] samband og spurði ætlaðu í alvörunni að hafa hana svona lengi hún er svo lítil“ (Audra). Eygló bendir á að samfélagsleg umræða um móðurhlutverkið sé nokkuð einhliða: „annað hvort ertu bara slæm móðir sem vilt bara hafa barnið þitt á stofnuninni á meðan þú ert bara að leika þér eða að þetta er æðislegt“ (Eygló). Margar mæður lýsa samviskubiti og innri togstreitu. Fjóla segir: „ég var bara með bullandi samviskubit og var alltaf að hlaupa og reyna að sækja fyrr og koma með hann seinna“ (Fjóla) og lýsir vel hvernig pressan á styttri vistunartíma hafði áhrif á hana þegar barnið hennar byrjaði í leikskóla:

F: Ég upplifði rosalega pressu, ég er að muna það núna. Þegar ég byrjaði með hann á leikskóla, og þetta sex tíma, þetta módel, að hann væri bara ekki meira en sex tíma sko.

R: Einmitt. Og hvaðan kom sú pressa?

F: Ég veit það ekki. Þetta var í umræðunni þá rosalega mikið að það væri svo rosalega óhollt fyrir svona lítil börn að vera á leikskóla yfir höfuð. Ég man alveg fyrstu vikurnar og mánuðina reyndi ég bara að hafa hann sex tíma. Ég veit ekki hvernig ég fór að því. Ég var bara alltaf að vinna upp um helgar og á kvöldin. Og ég var bara eitthvað, mömmuhjartað var bara eitthvað, og já bara sex. Við vorum alltaf að borga í sjö, en ég var alltaf að reyna að hafa hann í sex og hálfan eða eitthvað. Af því ég gat ekki skuldbundið mig til þess. En ég var alltaf að reyna að hafa hann sem minnst. Þannig að maður á svoldið að eiga börn eins og maður sé ekki að vinna. En svo er ég, þarf ég að delivera í vinnunni

R: eins og þú eigir ekki börn?

F: já, eins og ég eigi ekki börn

(Fjóla)

Eygló tengir ákvörðun sína um að minnka vinnu og minnka vistun niður í sex tíma við „mömmviskubit frekar en endilega fjárhagslegan ávinning“ (Eygló). Nanna segir: „mér finnst ég alveg finna að fólk er með samviskubit [...] yfir því að þurfa að vinna [...] togstreita þarna“ (Nanna). Gerður bendir á tímaskekkju í kerfinu: „frábært að barn geti verið minna á leikskóla, en þínu tímaskekkja í samfélaginu [...] maður bæði upplifir sig sem vont foreldri [...] og maður borgar meira“ (Gerður). Álag á einstæðar mæður og

foreldra með takmarkað bakland er meira. Tinna, sem er einstæð móðir með barn með sérþarfir nefnir hina óbeinu pressu á að skrá barn ekki í vistun á skráningardögum:

Uhm en þú veist þær hafa svo sem aldrei leikskólakennararnir þær eru ekkert eitthvað hérna að dæma eða eitthvað svoléiðis. En jú svo er samt kom einu sinni póstur þarna ég man ekki hvort það var síðast eða þar síðast uh fyrir þú veist af því það er jólafrí líka og ég meina ég er alltaf að vinna .... og þá kom póstur bara eitthvað „takk kærlega foreldrar, ekkert barn er skráð yfir jólin þannig allir geta fengið styttingu vinnuvikunnar“ þannig hversu mikið samviskubít áttu þá að hafa ef þú þarft að skrá barnið þitt.

(Tinna)

Zofia, sem er líka einstæð móðir, lýsir miklu álagi: „I need to have my full salary [...] I am the only one at home who is bringing the money [...] it is stressful [...] I'm always trying to do something“ (Zofia). Niðurstöðurnar sýna að pressan á að skerða vistunartíma barna í leikskóla er margþætt og hefur áhrif á daglegt líf og sjálfsmynd mæðra. Þó að hugmyndin um styttingu sé oft kynnt sem barnvæn og jákvæð fyrir fjölskyldulífið, þá er hún í raun oft óraunhæf fyrir fjölskyldur sem þurfa að samræma vinnu og umönnun. Þessi pressa getur leitt til samviskubíts, fjárhagslegs álags og félagslegrar togstreitu, sérstaklega hjá mæðrum sem bera meginábyrgð á skipulagi heimilisins.

### 3.3.2 Mæður og ömmur dekkja skemmri vistun

Við greiningu á viðtölum kemur skýrt fram að stytting vistunartíma barna í leikskóla byggir í mörgum tilfellum á ríkulegu persónulegu og félagslegu baklandi. Sérstaklega eru það mæður og ömmur sem axla ábyrgðina á því að dekkja tímann sem vantar upp á, þegar börn eru skráð í skemmri vistun. Dögg er mjög ánægð með 6 tíma gjaldfrjálsan leikskóla og sonur hennar er aðeins 4 klukkustundir á dag í leikskólanum. Spurð hvort að það sé hún sem annist barnið þegar leikskóladeginum lýkur segir hún „jú, það er alveg þannig. En eins og á þriðjudögum þá förum við á sundæfingu klukkan fjögur þá hættir hann [faðir] fyrr og kemur með okkur á sundæfinguna“. Fjölmargar mæður lýsa því að þær hafi minnkað við sig vinnu til að geta dekkjað skemmri vistunartíma. Eygló segir: „ég eða þú veist já núna er ég bara í þessari viku þá hef ég skráð þau í sex tíma og

eins og ég segi er ég búin að minnka mig niður í áttatíu prósent vinnu“ og bætir síðan við „mér finnst bara flestar vinkonur mínar hafa minnkað við sig einhvern vegin og það... þetta er hefur auðvitað áhrif á lífeyrissöfnun og bara hvað segir maður bara framtíðar [...] þú veist þetta er ekki bara núna eins og seinna meir ef maður ætlar að fara að klífa einhvern metorðsstiga“ (Eygló). Andri deilir upplifun Eyglóar og segist sjá það í kringum sig að konurnar séu oft „fyrstar til þess að taka börnin og stytta vinnuvikuna“ (Andri).

Í mörgum tilfellum eru svo ömmur lykilaðilar í því að dekkja skemmri vistun. Axel segir: „Stundum hefur .. amma hennar [...] sótt hana á leikskólann og verið með hana eins og hún er að gera núna“ (Axel). Fjóla bendir í því samhengi á að „6 tímarnir ganga ef þú getur gengið að einhverjum sem getur [...] fast aðgengi að ömmum eða öfum“ (Fjóla). Þrátt fyrir að stuðningur ömmu reynist oft mikilvægur lýsa viðmælendur stundum samviskubiti og álagi. Lovísa segir: „...þau eru til staðar en þetta reynir mikið á þau [...] mig langar ekki að vera þessi byrði á þau [...] ég er með nagandi samviskubit“ (Lovísa). Eygló bendir á að „þetta hafði bara lent á mömmu minni en hún er náttúrulega líka alltaf að eldast og ég er með samviskubit að ... hún ræður illa við þennan yngsta“ (Eygló). Viðmælendur benda á að þetta fyrirkomulag henti ekki öllum. Zofia segir: „It's not helping the people who are working, who are alone, who don't have like you know big family here“ (Zofia). Þessar frásagnir sýna að skemmri vistunartími barna í leikskóla byggir oft á kynjuðu stuðningsneti, þar sem mæður og ömmur bera mestan þunga.

### 3.3.3 Óréttlæti kerfisins

Viðmælendur lýsa því ítrekað að nýjar útfærslur á leikskólakerfinu, sérstaklega stytting vistunartíma, gjaldfrjáls sex tíma dvöl og aukinn fjöldi skráningardaga, virki ekki jafnt fyrir alla. Þó að markmiðin séu kynnt með jákvæðum formerkjum, að stytta dagvistun barna og léttja fjárhagslega byrði, virðist framkvæmdin í raun ýta undir félagslega mismunun og auka álag á þá sem standa höllum fæti í samfélaginu. Kerfið henti best þeim sem hafa sveigjanleika, en ekki þeim sem þurfa mest á því að halda. Fjöldi viðmælenda bendir á að kerfið virki best fyrir foreldra sem hafa sveigjanlegan vinnutíma, gott bakland og fjárhagslegt svigrúm. Kristín bendir á eigin forréttindastöðu og viðurkennir að hún geti nýtt sér sex klukkustunda gjaldfrjálsa vistun, en að það sé

ekki raunin fyrir alla: „Ég geri mér fulla grein fyrir hvað ég er í mikilli forréttindastöðu [...] en það eru ekki allir þar“ (Kristín). Eygló bendir á að láglaunafólk til að mynda í afgreiðslustörfum hafi takmarkað svigrúm til að nýta styttingu: „en það var ekkert verið að koma til móts við einmitt þetta láglauna starfsfólk sem er oft einmitt ekki þá með ömmur á landinu þetta eru aldrei afar sem taka að sér pössun þetta er svolítið kynjað“ (Eygló). Sigríður upplifir að kerfisbreytingin þjóni aðeins litlum hópi foreldra:

En þú veist, svo fannst mér alveg vera margir vinklar á þessu skilurðu og líka þú veist ég er alveg hrifin af því að börn séu ekki lengi á leikskólanum, það, mér fannst það líka alveg vera svona einmitt, hvatning, en þetta er samt bara hvatning fyrir svo lítinn hóp. Þú veist, sem, fannst mér einhvern veginn að það er svona, eru ekkert allir sem að geta gert þetta

(Sigríður)

Gissur tekur undir og segir: „Það eru einmitt þeir sem eru tekjuminnstir sem eru alls ekki í þeirri vinnu að þeir hafi sveigjanleika“ (Gissur). Foreldrar í vaktavinnu lýsa því að kerfið virki illa fyrir þeirra aðstæður. Andrea segir: „Ef hann [faðir] er á vakt þessa þrjá daga þá leggst þetta á mig“ (Andrea) þar sem hún getur hagrætt sinni vinnu.

Margir viðmælendur benda á að kerfið virki illa fyrir þá sem eru einstæðir foreldrar, í því samhengi lýsir Kristín því hvernig vinnutími á sjúkrastofnun takmarkar möguleika hennar: „Ef ég væri ein með hana þá myndi ég bara ekki getað nýtt mér þetta“ (Kristín). Lovísa sem býr við slæma fjárhagsstöðu er að mennta sig til að vera kennari svo að sex tíma leikskólavist sé raunhæf og segir: „fjárhagsleg framtíð okkar er mjög svört [...] ég gæti ekki það væri ekki séns sem einstætt foreldri“ (Lovísa). Viðmælendur lýsa því að þeir sem þurfa lengri vistunartíma greiða mun hærra gjald, sem veldur fjárhagslegu álagi. Gerður segir: „Það er þínu verið að hegna fólki fyrir að geta ekki minnkað við sig vinnu“ því að „hver auka hálf tími og korter það er svona veldisvöxtur á verði (Gerður). Tinna bendir á að meðaltekjufólk geti lent í því að greiða full gjöld þrátt fyrir að vera ekki í góðum eignum: „þau eru kannski yfir mörkunum en eru samt ekkert á einhverjum frábærum launum“ (Tinna). Margir viðmælendur benda á að kerfið komi sérstaklega illa niður á tekjulægri hópum. Mariana segir að kerfið virki ekki og sé

streituvaldandi fyrir foreldra: „They are put more stress [...] parents who are working [...] it's not working“ (Mariana). Aðalsteinn bendir á að kerfið „nýtist örugglega illa þeim sem þetta ætti að nýtast best í rauninni“ (Aðalsteinn). Zofia dregur saman gagnrýni sína á kerfið: „We are making better for people that they don't need that. And making worse for people that actually need it“ (Zofia). Frásagnir viðmælenda endurspeglar hvernig innleiðing Kópavogsmóðelsins hefur áhrif sem eru bæði kynjuð og stéttbundin, þar sem kerfisbreytingar sem kynntar eru sem barnvænar og réttlátar virka í raun ekki fyrir marga hópa samfélagsins.

## 4 Umræða

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að innleiðing Kópavogsmóðelsins hefur haft víðtæk áhrif á daglegt líf foreldra leikskólabarna í Kópavogi. Þrátt fyrir að markmið breytinganna hafi verið að bæta gæði leikskólaþjónustu og draga úr álagi á börn og starfsfólk, benda frásagnir foreldra til þess að kerfisbreytingarnar hafi í mörgum tilfellum skapað nýjar áskoranir og aukið álag á fjölskyldur.

Eitt af meginþemum rannsóknarinnar er gagnrýni á Kópavogsmódelið, þar sem margir foreldrar upplifa að breytingarnar samræmist illa kröfum vinnumarkaðarins. Þeir lýsa því að kerfið hafi verið innleitt án nægilegs samráðs og að kynningin hafi verið ófullnægjandi, sérstaklega gagnvart foreldrum af erlendum uppruna. Þessi upplifun hefur skapað vantraust á bæjaryfirvöld og dregið úr tiltrú á að breytingarnar séu í raun gerðar með hagsmuni barna og fjölskyldna að leiðarljósi.

Annað þema sem kom skýrt fram í viðtölunum er togstreita atvinnu og umönnunar. Foreldrar lýsa því að gjaldfrjáls sex tíma vistun sé ekki raunhæfur kostur fyrir marga, þar sem skipulag vinnudagsins og daglegs lífs krefst lengri vistunartíma. Sveigjanleiki í vinnu er lykilforsenda þess að kerfið gangi upp, en slíkur sveigjanleiki er ekki aðgengilegur öllum, sérstaklega ekki láglaunafólki sem er líklegra til að vera í störfum þar sem sveigjanleiki er lítill, einstæðum foreldrum og þeim sem vinna vaktavinnu. Fjöldi lokunar- og skráningardaga í leikskólum er einnig harðlega gagnrýndur og foreldrar lýsa því að fyrirkomulag safnskóla sé óraunhæft og geti valdið streitu hjá börnum og foreldrum.

Þriðja þemað snýr að kynjuðum og stéttbundnum áhrifum kerfisbreytinganna. Þó að íslenskir feður taki virkari þátt í umönnun og uppeldi barna sinna en feður í flestum öðrum löndum (Arnarsson o.fl., 2019) og að þátttaka þeirra hafi aukist verulega í kjölfar þess að feður öðluðust sjálfstæðan rétt til töku fæðingarorlofs (Arnalds o.fl., 2021), má enn greina sterkar orðræður innan samfélagsins um auknar skyldur og ábyrgð mæðra þegar kemur að umönnun og uppeldi (Símonardóttir, 2016; Gíslason og Símonardóttir, 2018). Nýlegar rannsóknir benda til þess að mæður upplifi skömm og sektarkennd

tengda móðurhlutverkinu (Rúdólfsdóttir og Auðardóttir, 2024) og að ungar íslenskar konur líti á móðurhlutverkið sem erfitt og líklegt til að hafa neikvæð áhrif á félagslega stöðu þeirra (Símonardóttir og Guðmundsdóttir, 2022). Þessar niðurstöður sýna einnig fram á að mæður beri oft meginábyrgð á að samræma vinnu og fjölskyldulíf og eru líklegri til að skerða vinnu sína eða treysta á bakland, oft ömmur, til að dekkja skemmri vistunartíma. Þetta hefur áhrif á lífeyrissöfnun, starfsframa og fjárhagslegt öryggi kvenna. Nýleg rannsókn sýnir fram á refsingu móðurhlutverksins (e. motherhood penalty) þegar kemur að tekjum kvenna á Íslandi og merkja má veruleg neikvæð áhrif af barneign á rauntekjur kvenna allt að tíu árum eftir fæðingu barns (Una Margrét Lyngdal Reynisdóttir, 2025). Það má leiða líkur að því að Kópavogsmódelið muni síst draga úr neikvæðum áhrifum barneigna á ævitekjur mæðra á Íslandi.

Viðhorf til foreldrahlutverks og möguleikar fólks til að uppfylla ríkjandi hugmyndir um foreldrahlutverk geta verið ólík eftir stéttum, og hefur þessi munur verið talsvert rannsakaður, sérstaklega í tengslum við uppeldi, menntun og menningarleg gildi (Lareau, 2003). Þannig hafa foreldrar í efri stéttum yfirleitt meiri sveigjanleika í vinnu og betri aðgang að úrræðum, sem gerir þeim kleift að sinna foreldrahlutverkinu á annan hátt en foreldrar sem búa við meiri streitu, fjárhagsáhyggjur eða ótrygg vinnuskilyrði (Ragnarsdóttir o.fl., 2025). Mikilvægt er því að varpa ljósi á það hvernig dagvistunarkerfi koma til móts við ólíka hópa samfélagsins. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að kerfið virðist henta best þeim sem búa við sveigjanleika og gott stuðningsnet, en ýtir undir ójöfnuð gagnvart mæðrum, láglæunafólki, innflytjendum, einstæðum foreldrum og foreldrum með lítið bakland.

Í heildina sýna niðurstöðurnar að þó að yfirlýst markmið Kópavogsmóðelsins séu í grunninn jákvæð, þá er framkvæmdin í núverandi mynd ekki að mæta þörfum allra foreldra og líkleg til þess að hafa skaðleg áhrif á atvinnuþátttöku kvenna og kynjajafnrétti innan sem utan heimilis. Rannsóknin undirstrikar mikilvægi þess að stefnumótun í leikskóla- og dagvistunarmálum sé samhæfð við vinnumarkaðinn og að tekið sé tillit til fjölbreytileika fjölskyldna, bæði hvað varðar félagslegar aðstæður og kynbundna ábyrgð. Samráð og gagnsæi þurfa að vera grundvallarþættir í innleiðingu

breytinga og mikilvægt er að kerfisbreytingar sem þessar séu undirbúnar og útfærðar í kjölfar ítarlegrar greiningarvinnu þar sem möguleg áhrif, bæði efnahagsleg, kynjuð og félagsleg er metin heildstætt, áður en ákvörðun er tekin um innleiðingu.

# Heimildarskrá

- Andrea Hjálmsdóttir og Marta Einarsdóttir. (2019). „Mér finnst ég stundum eins og hamstur í hjóli“: Streita í daglegu lífi fjölskyldufólks á Íslandi. *Íslenska þjóðfélagið*, 10(1), 4–20.
- Anna Elísa Hreiðarsdóttir og Svava Björg Mörk. (2025). Breytingar á rekstrarumhverfi leikskóla: Áhrif á velferð barna. *Netla*. <https://doi.org/10.24270/netla.2025/10>
- Arnalds, Á. A., & Duvander, A.-Z. (2023). Arranging care in two Nordic countries: A comparison of paid parental leave use and ECEC start in Iceland and Sweden. *Journal of Family Research*, 35, 471–488. <https://doi.org/10.20377/jfr-896>
- Arnardóttir, E., & Haraldsson, R. H. (2014). Origin and multiple discrimination. *Ísaförður: Fjölmenningssetur*.
- Arnarsson, A., Potrebny, T., Torsheim, T., & Eriksson, C. (2019). Time-trends in Nordic adolescents' communication with their parents. *Nordic Welfare Research*, 4(2), 88–100. <https://doi.org/10.18261/issn.2464-4161-2019-02-06>
- Ásdís A. Arnalds. (2020). Policies and parenthood: The impact of the Icelandic paid parental leave law on work and child-care [doktorsritgerð]. *Háskóli Íslands*.
- Ásdís A. Arnalds, Guðný Björk Eydal og Ingólfur V. Gíslason. (2021). Fæðingar- og foreldraorlof: Aðdragandi, breytingar og árangur laga sem er ætlað að stuðla að orlofstöku beggja foreldra. *Stjórnmal og stjórnsýsla*, 17(2), 235–260.
- Ásdís Kristjánsdóttir. (2024, 18. september). Kópavogsmódelið í leikskólamálum. *Kópavogsblaðið*. <https://www.kopavogsbladid.is/kopavogsmodelid-i-leikskolamalum/>
- Berglind Hólm Ragnarsdóttir, Kristín Heba Gísladóttir, Valgerður S. Bjarnadóttir og Maya Staub. (2024). Ójöfnuður meðal kvenna í íslensku samfélagi. Niðurstöður spurningakönnunar meðal kvenna. *Háskólinn á Akureyri og Varða, Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins*. [https://www.rannvinn.is/\\_files/ugd/61b738\\_58246bd441c5463ab8fd52de91a48bce.pdf](https://www.rannvinn.is/_files/ugd/61b738_58246bd441c5463ab8fd52de91a48bce.pdf)
- Braun, V., & Clarke, V. (2013). *Successful Qualitative Research: A Practical Guide For Beginners*. Sage Publications Ltd.
- BSRB. (2022). *Skýrsla BSRB um umönnunarbilið*. [https://www.bsrb.is/static/files/Utgefing\\_efni/skyrsla-bsrb-umonnun.pdf](https://www.bsrb.is/static/files/Utgefing_efni/skyrsla-bsrb-umonnun.pdf)

- Christiansen, Þ., & Kristjánsdóttir, E. S. (2016). Veggurinn er alltaf til staðar: Upplifun háskólamenntaðra innflytjenda af samskiptum og samningsstöðu gagnvart vinnuveitendum. *Íslenska þjóðfélagið*, 7(1), 5-22.
- Dagný Aradóttir Pind. (2024, 4. September). Kópavogsmódelið er ógn við jafnrétti. *Vísir*. <https://www.visir.is/g/20242616427d/kopavogsmodelid-er-ogn-vid-jafn-retti>
- Dýrfjörð, K., Magnúsdóttir, B. R., & Bjarnadóttir, V. S. (2024). Principals' financial and pedagogical challenges when choosing programs and educational materials: The scope of the private education industry for preschools. *Education Inquiry*, 15(1), 47–62. <https://doi.org/10.1080/20004508.2023.2291887>
- Eydal, G. B., & T. Rostgaard. (2018). *Handbook of Family Policy*. Edward Elgar Publishing.
- Gíslason, I. V., & Símonardóttir, S. (2018). Mothering and Gender Equality in Iceland: Irreconcilable Opposites? *Social Policy and Society*, 1-10. <https://doi.org/10.1017/S1474746417000525>
- Hagstofa Íslands. (2019). Félagsleg velferð innflytjenda á Íslandi. <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/lifskjor/felagsvisar-serhefti-um-innflytjendur/>
- Hagstofa Íslands. (2023). Konur líklegri til að starfa í hlutastörfum en karlar. <https://www.hagstofa.is/utgafur/frettasafn/vinumarkadur/folk-i-hlutastorfum/>
- Hagstofa Íslands. (2024). *Færri eins árs börn sækja leikskóla*. <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/menntun/born-i-leikskolum-2023/>
- Huerta, M. et al. (2013), "Fathers' Leave, Fathers' Involvement and Child Development: Are They Related? Evidence from Four OECD Countries", *OECD Social, Employment and Migration Working Papers*, No. 140, OECD Publishing, Paris, <https://doi.org/10.1787/5k4dlw9w6czq-en>.
- Ingólfssdóttir, J. G. (2024). Fjölskyldumiðuð þjónusta innan og utan leikskólans: Staða, viðhorf og reynsla fagfólks í flóknu starfsumhverfi. *Tímarit um uppeldi og menntun*, 33(2), 103–122. <https://doi.org/10.24270/tuum.2024.33.18>
- Jóhannesson, I. Á., & Símonardóttir, S. (2023). Menntun eða þjónusta?: Þrástef og þversagnir í umfjöllun fjölmiðla um leikskóla. *Netla*, 1–18. <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2023.14>
- Jónsson, A. K. (2018). Family policies, childbearing, and economic crisis: The case of Iceland. *Demographic Research*, 39, 561–592. <https://www.jstor.org/stable/26585340>

- Júlíusdóttir, M., Skaptadóttir, U.D., & Karlsdóttir, A. (2013). Gendered migration in turbulent times in Iceland. *Norsk Geografisk Tidsskrift - Norwegian Journal of Geography* 67 (5), 266–275. <https://doi.org/10.1080/00291951.2013.847483>.
- Júlíusdóttir, Ó., Rafnsdóttir, G. L., & Einarsdóttir, Þ. (2018). Top managers and the gendered interplay of organizations and family life: The case of Iceland. *Gender in Management: An International Journal*, 33(8), 602–622. <https://doi.org/10.1108/GM-03-2017-0028>
- Karlsdóttir, K. & Einarsdóttir, J. (2020). Supporting democracy and agency for all children: the learning stories of two immigrant boys. *Contemporary Issues in Early Childhood*, 21(4), 325-339. <https://doi.org/10.1177/1463949120978472>
- Koslowski, A., Blum, S., Dobrotić, I., Kaufman, G., & Moss, P. (2020). *16th International Review on Leave Policies and Related Research* (International Review on Leave Policies and Related Research, Vol. 16). <https://doi.org/10.18445/20200915-131331-0>
- Kópavogsbær. (e.d.). *Leikskólar í Kópavogi*. <https://www.kopavogur.is/is/ibuar/0-til-6-ara/leikskolar>
- Kópavogsbær. (2024). *Nýtt leikskólamódel í Kópavogi: Skýrsla um áhrif og niðurstöður*. <https://www.kopavogur.is>
- Kristín Heba Gísladóttir, Maya Staub og Kolbeinn Hólmar Stefánsson (2023). Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs. Niðurstöður spurningakönnunar meðal foreldra barna á aldrinum 12 mánaða til 12 ára. *Varða -Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins*. [https://www.rannvinn.is/\\_files/ugd/61b738\\_8c725099850442528934919dfd7378cc.pdf](https://www.rannvinn.is/_files/ugd/61b738_8c725099850442528934919dfd7378cc.pdf)
- Kristín Loftsdóttir og Guðbjört Guðjónsdóttir. (2009). Íslendingar þrífa ekki herbergi: Skörun kyns og uppruna í störfum á hóteli. In *Rannsóknir í félagsvísindum X* (pp. 447-453). Félagsvísindastofnun HÍ.
- Lareau, A. (2003). *Unequal Childhoods: Class, Race, and Family Life*. University of California Press.
- Creswell, J. W. (2007). *Qualitative inquiry and research design: Choosing among five approaches* (2nd ed.). Sage Publications, Inc.
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2021). Styrking leikskólastigsins: Skýrsla starfshóps. [https://www.stjornar-radid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/Styrking%20leiksk%3%b3lastigsins\\_sk%3%b-drsla%20starfsh%3%b3ps\\_%c3%a1g%3%bast%202021.pdf](https://www.stjornar-radid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/Styrking%20leiksk%3%b3lastigsins_sk%3%b-drsla%20starfsh%3%b3ps_%c3%a1g%3%bast%202021.pdf)

- Napierała, J. & Wojtyńska, A. (2017). Trapped in migrants' sectors? Polish women in the Icelandic labour market. *International Migration*, 55: 128-141.  
<https://doi.org/10.1111/imig.12295>
- Ragnarsdóttir, B. H., Bjarnadóttir, V. S., Hjálmsdóttir, A., & Víkingsdóttir, A. S. (2025). Work-family conflict: A classed phenomenon? *Acta Sociologica*, 00016993241311150. <https://doi.org/10.1177/00016993241311150>
- Reykjavíkurborg, Skóla- og frístundasvið. (2021). Umbætur og skipulag leikskólastarfs: Tillögur stýrihóps maí 2021.  
[https://reykjavik.is/sites/default/files/209\\_1.1\\_umbætur\\_og\\_skipulag\\_leikskolastarfs\\_skyrsla\\_.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/209_1.1_umbætur_og_skipulag_leikskolastarfs_skyrsla_.pdf)
- Rúðólfssdóttir, A. G., & Auðardóttir, A. M. (2024). "I feel like I am betraying my child": The socio-politics of maternal guilt and shame. *Gender, Work & Organization*, 31(6), 2733–2748. <https://doi.org/10.1111/gwao.13124>
- Símonardóttir, S. (2016). Constructing the attached mother in the "world's most feminist country." *Women's Studies International Forum*, 56, 103–112.  
<http://doi.org/10.1016/j.wsif.2016.02.015>
- Símonardóttir, S., Rúðólfssdóttir, A. G., & Gottfreðsdóttir, H. (2021). "We at least say we are equal": Gender equality and class in healthcare professionals' discursive framing of migrant mothers. *Social Science and Medicine*, 281(114089).  
<https://doi.org/10.1016/j.socscimed.2021.114089>
- Símonardóttir, S., & Arnalds, Á. (2024). Excluding the Involved Father: Having a Child During the COVID Pandemic in Iceland. *NORA - Nordic Journal of Feminist and Gender Research*. <https://doi.org/10.1080/08038740.2024.2323511>
- Símonardóttir, S., & Jóhannesson, I. (2025). "now we just have to take a step back": media portrayal of cash-for-childcare benefits in iceland. *Gender Work and Organization*. <https://doi.org/10.1111/gwao.70001>
- Sunna Kristín Símonardóttir og Hlédís Maren Guðmundsdóttir, H. M. (2022). „Manni líður eins og maður sé alltaf að stara í ginið á ljóninu“: Viðhorf ungra kvenna til barneigna. *Íslenska þjóðfélagið*, 13(1), 107–122.
- Una Margrét Lyngdal. (2025). *Tekjumissir við barneignir á Íslandi [BA ritgerð, Háskóli Íslands]*. Skemman. <https://hdl.handle.net/1946/49746>
- World Economic Forum. (2023). The Global Gender Gap Index. <https://www.weforum.org/publications/global-gender-gap-report-2023>.

Yerkes, MA and Javornik, J. (2019) Creating capabilities: Childcare policies in comparative perspective. *Journal of European Social Policy*, 29 (4). pp. 529-544. ISSN 0958-9287

Örn Arnarson. (2025, 23. júní). Hverjir borga leikskólann í Kópavogi? *Vísir*.  
<https://varnish-7.visir.is/g/20252742378d/hverjir-borga-leikskolann-i-kopavogi>